

Minnisblað

Snúningshaus við Erluás 31 – mál nr. 1505207

Ítrekað hafa borist kvartanir frá íbúum á Erluási 31 um að bifreiðum sé lagt í „snúningshaus“ við enda botnlanga þ.s. standa hús nr. 21 til 41 við Erluás.

Málið hefur verið til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði. Í maí 2015 var sett upp skilti „bannað að leggja“ við „snúningshausinn“ en það var síðan fjarlæggt og ekki er vitað hver gerði það. Í júní 2015 var sent bréf til íbúðareiganda í botnlanganum þ.s. tilkynnt var að óheimilt væri að leggja bílum í snúningshausinn og íbúðareigendur beiðnir um að virða það. Athugasemd kom frá einum íbúðareiganda um að hún teldi ekki vera bílastæðavandamál í botnlanganum og gerði jafnframt athugasemdir við uppsetningu á skilti við snúningshausinn. Svo virðist að þeir sem leggi bílum sínum í snúningshausinn séu íbúar í einu húsinu við botnlangan og hefur umhverfis- og skipulagssvið haft samband við aðila og óskað eftir að þau virði bann við að leggja í „snúningshausinn“. Það hefur ekki borið árangur.

Í svari frá lögreglu vegna fyrirspurnar sem send var henni vegna málsins segir að hún telji sér óheimilt að banna eða láta fjarlægja ökutæki nema mælt sé, með skýrum hætti, fyrir um slíkt brot í umferðarlögum og/eða lögreglusamþykkt Hafnarfjarðarbæjar. Slíkt bann við lagningu ökutækja í snúningshaus sé að mati lögreglunnar ekki að finna í umferðarlögum, þar sem bannmerki hafi ekki verið sett upp, né í 20. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð vísaði málinu til bæjarlögmanns í ágúst 2015. Álit Andra Árnasonar hjá Juris lögmannsstofu lá fyrir 21. september 2015.

Niðurstaða lögmannsins var að þessir kostir væru í stöðunni:

- 1) setja upp umferðarskilti skv. fyrirmælum umferðalaga
- 2) breyta ákvæði 20. gr. lögreglusamþykktarinnar þannig að tekið sé fram að óheimilt sé að leggja ökutæki utan skipulagðra bílastæða, eða á annan hátt vísa til svæða þar sem almennt er óheimilt að leggja ökutækjum, svo sem í botnlöngum
- 3) að benda eigendum þeirra ökutækja sem nýta bílastæði (einkabílastæði) að leita til lögreglu í hvert skipti sem ökutæki hindrar umferð skv. b. og d lið 2. mgr. 28. gr. umferðalaga sbr. 110. gr. sömu laga um heimild lögreglu til að bregðast við ef lagning ökutækis veldur truflun á umferð í ákveðnu tilviki.

Framangreint lögfræðiálit var lagt fyrir á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 7. október 2015. Niðurstaða fundarins var að beina því til bæjarráðs að endurskoða lögreglusamþykkt Hafnarfjarðar, 20. gr. þeirrar sem lítur að bifreiðastöðum í snúningshausum með hliðsjón af fyrirbyggjandi lögfræðiáliti.

20. gr. lögreglusamþykktar fyrir Hafnarfjarðarkaupstað hljóðar svo:

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum, opnum svæðum, óbyggðum lóðum og stígum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu. Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum þ.m.t. almennum bílastæðum í íbúðarhverfum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Staða eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, tjaldvagna, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu er bönnuð á götum og almennum bifreiðastæðum.

Framkvæmdasviði er heimilt að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða með aðvörðunorðum, að flytja burtu og taka í vörslu Hafnarfjarðarbæjar ökutæki sem brjóta í bága við 1. mgr. - 5. mgr., ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannafæri, götum og almennum bifreiðastæðum og ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

Umhverfis- og framkvæmdaráð hefur lagt til að 20. gr. lögreglusamþykktar verði breytt til samræmis við tillögu lögmanns þannig að bætt verði við, „**utan skipulagðra bílastæða**“. 3. mgr. 20. gr. yrði þá svo hljóðandi: „**Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum, utan skipulagðra bílastæða, opnum svæðum, óbyggðum lóðum og stígum.**“

Í nágrannasveitarfélögunum er sambærileg grein og 20. gr. hjá okkur þannig:

Garðabær:

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

Heimilt er að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu sveitarfélags ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannafæri, götum og almennum bifreiðastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

Kópavogur:

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

Heimilt er að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu sveitarfélags ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannaferi, götum og almennum bifreiðastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda

Reykjavík:

Á almannaferi má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum borgarráðs, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 4 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

Heimilt er að breyta lögreglusamþykkt þegar talin er ástæða til. Ekki eru kröfur um að lögreglusamþykkt skuli endurskoðuð á ákveðnu tímabili. Lögreglusamþykkt er samþykkt í bæjarstjórn og síðan staðfest af ráðherra. Lögreglusamþykktin tekur gildi 6 mánuðum eftir að hún hefur verið birt.

Að öðru leyti er vísað er til lögfræðialits Andra Árnasonar hrl hjá Juris lögmannsstofu frá 21. september s.l. sem fylgir minnisblaði þessu.

Sigríður Kristinsdóttir hrl

bæjarlögmaður